

Sjálfbærniverkefnið á Norðausturlandi

9. fundur stýrihóps

Staður: Húsavík – PCC BakkiSilicon

Tími: 03.04.2019 kl. 10:15-12:00

Mætt voru:

Stýrihópur og/eða fulltrúar eigenda:

Jóhanna Harpa Árnadóttir, Landsvirkjun
Steinn Ágúst Steinsson, Landsvirkjun
Elma Sif Einarsdóttir, PCC Bakki Silicon
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit
Engilráð Ósk Einarsdóttir, Landsnet
Sigurjón Steinsson, fulltrúi ferðapjónustuaðila
Hjalti Jóhannesson, RHA
Þorsteinn Gunnarsson, Skútustaðahreppi.

Starfsmenn:

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Fjarverandi:

Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi.

Helena Eydís stýrði fundi. Gréta Bergrún ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staða verkefnisins

Verkefnisstjóri fór yfir framgang verkefnis.

Úrvinnsla og birting gagna: Fylgjum nú áætlun varðandi uppfærslur og erum komin fyrir uppfærslu á highcharts.

Kynningar:

- Rammaáætlun 3 - Samfélagshópur – samtal og stutt kynning á samfélagsvísum verkefnisins.
- Framhaldsskólinn á Húsavík - kennarar – áhugi á verkefninu og ánægja með hversu aðgengileg gögnin eru.
- Sjálfbærniverkefnið á Austurlandi – verkefnisstjórar og stýrihópur – áhugi á frekara samstarfi s.s. að hittast einu sinni á ári og að þeir sem standa að verkefnunum sækja ársfundi verkefnanna. Ýmislegt gagnlegt sem fram kom og nýtist báðum verkefnum að deila þekkingu.
- Rætt um verkferla sem þú ætlar að setja upp við birtingar gagna í innanhús teymisvinnu.
- Umræður um notkun á vef, upplýsingum og kynningu.

2. Drög að ársskýrslu ársins 2018

Verkefnisstjóri fór yfir drög að ársskýrslu ársins 2018.

3. Ársfundur 2019

- Dags. 21. maí. kl. 17-19.
- Gestir – Kristín Jónsdóttir, Veðurstofu Íslands, Sigurjón Jónsson, KAUST

- Dagskrá

Ávarp og opnun gaums á ensku

Náttúrvá og vöktun – Kristín Jónsdóttir, VÍ

Jarðskjálftar á Norðurlandi og nýliðnir viðburðir á Kópaskeri – Sigurjón

Jónsson, KAUST

Umræður um rannsóknir í gangi, þörf fyrir rannsóknir

4. Önnur mál

Fleira ekki rætt.